

1.

MINNINGAR UM ÓLAF THORS.

Eftir Jóhann Hafstein

Það er mikil gæfa fyrir ungan mann, sem er að hefja lífsferil sinn og vill helga sig stjórnmálum, að eiga bess kost að vera samtiða og í náinni samvinnu við sérstæðan leiðtoga, mikilhæfan og glæsilegan foringja.

Síku láni átti ég að fagna, þegar Ólafur Thors réði mig til starfa sem erindreka Sjálfstæðisflokkssins, er ég kom heim að skólanámi loknu haustið 1939. Ég er þakklátur Ríkisútvarpinu fyrir að gefa mér kost á því að minnast í dag, þann 19. janúar Ólafs Thors, sem hefði orðið 75 ára, ef honum hefði enzt aldur. Hann andaðist á gamlársdag 1964, þá nærri 73 ára gamall.

Hvernig maður var Ólafur Thors? Því verða ekki gerð skil í stuttu erindi. Það verður verkefni sagnfræðings síðari tíma, því að Ólafur er nú þegar orðin í vitund þjóðar sinnar ein litríkasta og aðsópsmeista söguparsóna íslendinga á tuttugustu öldinni. Ég mun hugleiða á þessari stundu minningar um Ólaf, hvernig hann kom mér og ýmsum öðrum samtiðarmönnum fyrir sjónir, hvert hlutverk lífið ætlaði þessum manni, hvern sess hann skipaði á stjórnmálabekk þjóðarinnar á margra áratuga viðburðaríkum starfsferli.

Við andiát Ólafs Thors rituðu meðal annarra allir foringjar annarra stjórnmálauflokka um þann minningargreinar. Formáður Framsóknarflokkssins, Eysteinn Jónsson, sagði eftirfarandi:

"Ólafur Thors háði á langri starfsæfi mikla baráttu fyrir sinn málstað, með þeim krafti og fjöri, sem honum var lagið. Tókst honum nærrí ótrulega vel að halda saman stórum flokki, og var vafalaust mjög ástsæll flokksforingi og hjartfólginn sínum félögum. Við fundum það líka andstæðingarnir stundum, að Ólafur Thors átti mikið af hlýju, og að það átti vel við hann að mega komast í samstarfsskap, þegar hann taldi sig geta slikt, vegna þess málstaðar, sem hann varkjörinn til að fylgja fram".

Emil Jonsson, formaður Alþýðuflokkins, sagði:

"Ólafur Thors var óvenjulega vel til foringja fallinn. Hann laðaði menn til samstarfs, var alltaf glaður, reifur og bjartsýnn og fann jafnan úrræði, þó að syrti í álinn. Eitt var það líka í fari hans, sem mjög var áberandi. Hann mátti ekkert aumt sjá og vildi hvers manns vandræði leysa, og gilti þá einu, hvort sá, sem á aðstoðinni burfti að halda, var pólitískur samherji eða andstæðingur. Brjóstgæði og hjálpfýsi voru honum beinlinis í blóð borin."

Einar Olgeirsson, formaður Sósialistaflokkins, let svo um mælt:

"Ólafur var stétt sinni og flokki mikill og góður foringi. Hugrekki það og viðsýni, er hann átti til að bera, hjálpaði honum bezt, er mest á reið og hann burfti að beita hinum djörfustu bardagaaðferðum. Hann var og gæddur svo góðum og ólíkum eigindum til viggengis á vettvangi stjórnmálanna, annarvegar glæsimennsku og "gharma" í framgöngu og hins vegar slíkum "humor" og gáska, að ógleymanlegur er, enda mun um andsvör hans í ýmsum kringumstæðum myndast þjóðsögur til viðbótar þeim sönnu."

Frá harmi og söknuði okkar flokksbræðra hans, samherja og vina, - þegar kallið kom, skal ég ekki greina á þessari stundu,

En um ástsæld Ólafs hjá liðsmönum sinum vitnar m.a. að Sjálfstæðismenn um allt land hafa tekið höndum saman um, að reist verði líkneski af Ólafi Thors til minningar um hann, og er listamaður ná að vinna að því verki.

Ég reyni ekki á þessum vettvangi að segja neina Ólafs sögu Thörs. Formaður Sjálfstæðisfloksins, Bjarni Benediktsson, forsetisráðherra, hefir ritað ftarlega Andvaragrein, sem út kom fyrir jólin, um ævi Ólafs. Þar segir hann m.a.:

"Efir að Ólafur kom á þing (en það var eftir aukakosningar í Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 9, janúar 1926) varð ævi hans svo samtvinnuð þjóðarsögunni, að ómögulegt er að greina þar á milli. Í þeim efnum er margt ókannað enn og atburðirnir of nærrí til þess, að með fullu hlutleysi verði á þá litið eða réttileg metið, hvað mesta þýðingu hafði." - Ég hygg þó, að viðlestur þessa æviágríps sannfærist menn um, að næsta hlutlaust sé frá sagt, það er ómögulegt að sannfærast um sannleiksgildi þess, sem höfundurinn segir, að ómögulegt er að greina sögu Ólafs Thors frá þjóðarsögunni á langri ævi hans.

Hé
Hér hlýðir að geta örfárra staðreynda úr ævi Ólafs Thors. Hann var af merkum stofni. Sonur Thors Jensen, mesta athafnamanns Íslands á fyrri hluta tuttugustu aldar, er komið hafði umkomulaus til verzlunarnáms til Borðeyrar að verzlun Brydes árið 1878, þá 14 ára gamall. Móðir Ólafs var Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir, bóna í Hraunhöfn á Smæfellsnesi. Um hana segir Ólafur sjálfur í gullfallegrí grein í bókinni "Móðir mína":

"Hún var fátíður persónuleiki. Mikilúðleg, tíguleg og falleg kona, skapmikil og tilfinningaráík, en fámál og stillt og svo dul, en enginn munhafa bekkt hana til fulls."

Bau hjón eignuðust 12 börn, 7 syni og 5 dætur. Flestum er þetta fólk að góðu kunnugt, og skal það ekki frekar rakið hér, en af bræðrunum hafa margir verið framámann i þjóðfélaginu.

Ólafur var fjórði í aldursröð þeirra systkina og sá, sem til forystu í þjóðmálum valdist.

Ólafur var gæfusamur, begar hann eignaðist traustan lífsföruneut, eiginkonuna frú Ingibjörgu Indriðadóttir Einarssonar. Konur stjórnmalamanna, eins og Ólafs Thors, fara ekki varhluta af stormsveipum og swiftibyljum í opinberu lifi, og kemur þá skapfesta og söruleysi í gagnið, en í þeim eftum er frú Ingibjörgu ekki fisjað saman.

Ólafur Thors sat 39 ár á Alþingi. Hann var næri 30 ár formaður stærsta stjórmálaufloksílandsins. Engum flokksformönnum svipaðra flokka á Norðurlöndum hefir tekizt að halda flokkum sínum stærstum eða í svipaðri áhrifastöðu og Sjálfstæðisflokkurinn hefir jafnan verið.

Ólafur Thors var í rún 10 ár forsætisráðherra og myndaði fleiri ríkisstjórnir en nokkur annar hefir gert, eða 5 ráðuneyti, og átti alls sæti í 7 ríkisstjórnum.

Allir þeir, sem nokkuð til stjórnála þekkja, geta lesið furðumerka sögu úr slíkum staðreyndum einum.

Ólafur Thors varð fyrst forsætisráðherra 1942. Mikil vatn hefir þunnið ril sjávar síðan. Stjórnálaelfur landsins hefir steypzt fram í fossaföllum á þessum aldarfjóðbungi. Ef til vill er hann sá viðburðaríkasti í sögu þjóðarinnar. Síðari heimsstyrjöldin geisar með aegiáhrifum sínum áíslenzkt þjóðlíf, - þótt með öðrum haetti væri en hjá hersetnum og herjuðum þjóðum. Lýðveldi er endurreist á Þingvöllum 17. júní 1944. Við bau tímamót mælti Ólafur Thors í hátiðarræðu:

"Kjörorð hins íslenzka lýðveldis er: Mannhelgi. Hugsjón pess, að hér búi um alla framtíð frjáls og öllun óháð menningarþjóð, andlega og efnalega frjálsir og hamingju samir menn. Þeirri hugsjón viljum vér allir bjóna."

Aður hafði Ólafur sagt á hátiðarstund þjóðarinnar:

"Vér eigum að sýna umheiminum, hvort heldur sagan, tungan, bókmenntirnar, frelsið og þjóðernið, eru aðeins djásn, er komið geti í eyður verðleikanna, eða mannbrottar til þess að fóta sig með á svelli, er öðrum rótminni þjóðum yrði hált á".

Pann 21. október 1944 myndar Ólafur Thors nýsköpunarstjórnina, í þeim höfuðtilgangi að verja fjármunum, er safnæzt höfðu á striðsárunum, til framtíðarheilla og bettra lífskjara allra landsmanna. Þá flutti Ólafur þingheimi eftirfarandi boðskap um stjórnarmyndunina:

"Að þessari stjórn standa menn, sem hafa í grundvallaratríðum sundurleitar skoðanir á, hvaða þjóðskipulag henti íslendingum bezt. Þeir hafa nú komið sér saman um að taka höndum saman um þá nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar, sem ég hefi lýst, og sem er kjarni málefnaðarsamningains og byggð er á því þjóðskipulagi, sem íslendingar ^{nú} búa við. - Það er öllum þessum flokkum til lofs að hafa sýnt þann stjórnsmálabroska að láta eigi deilur um stefnur standa í veki fyrir því mikilvæga höfuðhlutverki: nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar."

Ólafur Thors undirbjó stakkun landhelginnar og réði m.a. Hans G. Andersen sem þjóðréftarráðuneut í útanríkisráðuneytið, til þess að rannsaka og gera tillögur um aðgerðir í því máli. 1952 er landhelgin víkuð í fjórar mílur og fjöröum og flóum lokað. Síðan hofum við eignað 12 mílna fiskveiðilandhelgi og leitt alvarlega deilu um það mál við stórveldi til lykta með friðsamlegu samkomulagi og viðurkenningu þess á því að hugsanlegum framtíðar ágreiningi skuli ljúka með úrskurði dómistóls. Rafvæðingin stefnir ört að því að lýsa 110 byggð landsins. Ræktun sí bestir landið.

Fiskiflotinn ernú meiri og betur kostum búin en áður. Allir eru sammála um að velmegun landsmanna hafi aldrei orðið meiri en á síðari árum, en sú saga skal ekki rakin hér.

Enginn einn maður hefir verið áhrifameiri á síðasta aldarfjóðungi óótrauðri og byltingakenndri framfarasókn þjóðarinnar en Ólafur Thors, og hlaut svoað vera vegna oddvita-stöðu hans í þjóðgélaginu lengst af þann tíma, samfara hinum miklu mannkostum hans. En að sjálfsögðu naut Ólafur stuðnings ágætra samherja og jafnframt mikilvægs og oft á tíðum góðs samstarfs og trausts mikilhæfustu manna úr andstöðu-flokkunum öllum. Enginn var Ólafi handgengnari eða átta við hann nánari samvinnu en Bjarni Benediktsson, sem var þá jafnframt varformaður Sjálfstæðisfloksins. En mér koma í hug liðnir samherjar, eins og Magnús Jónsson, prófessorm gáfnaljós og fræðasjór, Jakob Möller, egghvass heili, hinn mikilsvirti og trausti Pétur Magnússon og fleir mætti telja. Það þurfti mikinn mann til þess að gnæfa yfir þessa og aðra slíka sem óumdeildur foringi, - en það var Ólafur ætið. Auðvitað standa stórmrar um stóra menn, - á stundum bæði að innan og utan. En Ólafi auðnaðist ætið að vera hinn styrki foringi.

Eitt var það, sem glæddi forustuhæfileika Ólafs sívakandi afli. Það var viðhorf hans til hinna ungu, þeirrar kynslóðar, sem á að erfa landið, tillitssemi og næmur skilningur á ungdóms-eðlið. Unga fólkis skynjaði þetta viðmót og virti á móti djarfhug og frjálslyndan foringja. Ólafur Thors var kjörinn heiðursfélagi Heimdallar á fimmtugsafmæli hans, og við lýð-veldisstofnunina ver honum færður silfurbikar að gjöf frá ungum Sjálfstæðismönnum um land allt í virðingar- og bakk-lætisskyni fyrir forystu hans við undirbúning og úrlausn þess mikla máls. Ég hygg rétt til getið, að Ólafi hafi þótt vænt um þessa gjöf og miklu vænna en um margháttuð heiðurs-merki, sem á hann ylloðust, en hann veigraði sér við að bera.

Ég tel, að það hafi verið skaði að því, hvað Ólafur var í reyndinni tregur til ferðalaga erlendis og að koma þar fram fyrir hönd bjóðar sinnar. Að visu hafði hann tölverð kynni af stjórnmálaleiðtogum annarra bjóða og bjóðhöfðingjum, og sum þeirra voru afdrifarík, eins og fundur Ólafs og Macmillans, forsetisráðherra Bretlands hér á landi, þegar landhelgisdeilan stóð sem hæst. Nánin tengsl sköpuðust einnig milli Ólafs og Adenauers, kanslara Vestur-Dýzkalands, þegar hann var hinn áhrifamikli valdamaður Dýzkalands, og nutum við góðs af. Ég varð oft var við það, hversu erlendir stjórnmalamenn, einkum frá Norðurlöndunum, sem átt höfðu þess kost að kynnast Ólafi, virtu hann mikils. Einu sinni sáum við allmargir saman á gildaskála erlendis og varð þá tilrætt um forystumenn Norðurlandanna á stjórnmálasviðinu. Það kom fram að lokum, að hinir öfunduðu okkur Íslendingana af Ólafi og létu þá hiklaust uppi, að slikan forsetisráðherra vildu þeir eiga.

Hafa skyldi það í huga, að Ólafur Thors hóf lífsstarf sitt sem stóratvinnurekandi í togaraútgerð, er þeir bræður tóku að sér stjóron Kveldúlfss, sem varð lang umfangsmesta útgerðarfyrirtæki landsins. Þetta gat missulega verið tvieggjuð aðstaða stjórnmálaforingja. Enda er því ekki að neita, að oft var áður fyrr gengið á það lagið af sumum andstæðingum að gera þá Thorsbræður tortryggilega fyrir hin miklu umsvif þeirra í atvinnurekstri. Æn Ólaf sakði ekki rógor af þessu tagi, heldur naut hann ætið mikils trausta og fylgis

sjómannastéttarinnr og annarra alþýðustéttu, enda var hann ætið, þegar því var að skipta, öruggur talsmaður þessara aðila. En marka má af því, hvað aðstaðan gat verið erfið, að þegar hallaði undan fæti í úfgerð Kveldúlfss, varð það eitt mesta pólitískt hitamál, að fyrirtækið skyldi gert gjaldþrota með sérstökum afskiptum þings og stjórnar. Ólafur hélt þá eina af sínum veigamestu ræðum á geysifjölmennum Varðar fundi, sem haldinn var í Gamlabíði. Hann vann þá í þessu máli einn af sínum, stóru sigrum. Oftar var höggið í sama knérunn af pólitískum andstæðingum, og skal það ekki rakið hér, en Ólafur stóð heill að leikslokum og var ekki silt að pakka hinum mikla persónuleika hans og vígfimi í orðasennu.

Af eldri tíma stjórnarmönnum var Ólafur langhrifnastur af Hannesi Hafstein og leyndi því ekki. E.t.v. hefir skáldskapur Hannesar átt nokkurn þátt í því, og var Ólafi fjarnt að vitna í kvæði hans í hátiðarræðum sínum. Ólafur unni skáldskap og las kvæði manna bezt, en sjálfur var hann ekki skáld.

Hann sagði eitt sinn í glensi, að hann hefði öfundað Guðmund Kambam á yngri árum, og þá hafi það komið yfir sig að ætla að yrkja kvæði. En kvæðið varð aldrei nema tvær hendingar. En þó að Ólafur Thors væri ekki skáld í venjulegum skilningi, var hann gæidur skáldagáfu í óeiginlegri merkingu. Skáldskapur hans eða sköpunaráfl fólst í því að prýða landið, bæta kjör fólksins, gera Ísland betra land, landhelgina sterri, fífamtíðina öruggari.

Ég vil nú leyga mér að taka nokkra kafla úr persónulýsingu Bjarna Benediktssonar á Ólafi Thors, sem fram koma í *sviágripinu* í Andvara, sem ég hefi áður minnst á. Þar segir:

"Bæði andstæðingar ólafs og stuðningmenn hans létu svo um mælt, að þeim þetti svipminna á Íslandi eftir látt hans en áður. Að sjálfsögðu féll Ólafur mönnum misjafnlega vel í geð. Hann eignaðist harða andstæðinga, en því fleirar vini, og þótti flestum þeirra meira til um Ólaf en aðra menn, er þeir höfðu kynnst.

Ólafur var maður vörpulegur í ~~vexti~~, í haarra lagi og samsvaraði sér vel. Á yngri árum var hann dökkur yfirlitum, ætið með mikið hár, sem gerðist grátt eftir því, sem aldur færðist yfir hann. Hann bar sig ætið manna bezt, var vel klaeddur, á seinni árum með nokkrum fyrri tiðar blæ, og duldist engum, að þar dór höfðingsmaður.

Það er hinn mesti misskilningur, sem Ólafi var öðru hvoru brugðið um, að hann væri maður fljóttur úr hófi. Hann var að vísu allra manna fljótastur að átta sig, skildi

kjarna þvers máls, en wissi vel, að það hefur margar hliðar. Þess vegna mat hann mikils að geta rögast við aðra og tók sjáldan ákvarðanir nema að mjög vel athuguðu máli.

Hins vegar hafði Ólafur það til að vera nokkuð stórorður og fullyrðingasamur. Það átti rætur í tilfinningahita, sem gerði hann með áhrifaríkustu ræðumönnum. Að sjálfsögðu tókst Ólafi eins og öllum öðrum misjafnlega til í ræðu mennsku, og aldrei var það nema eins svipur hjá sjón að hlusta á hann í útvarpi. Best heppnaðist honum, þegar mest á reið, og þá fylgst í harðri orðasennu, enda varð honum þá aldrei orða vant. Og þá sjaldan hygg ég, að ég hafi orðið hrifnari af ræðumennsku Ólafs en austur á Rangárvöllum á héraðsmóti, sem þar var haldið, sennilega 1938, í Rangáeingabúð, tjaldi, sem Jón Ólafsson hafði gefið. Þar stóð maður við mann og urðu ræðumenn að klifra upp á kassa til að sjá þó yfir söfnuð sinn. Sá eiginleiki, að geta náð til annarra við hinum erfiðustu aðstæður, er stjórnmálamanni ómetanlegur.

Gaman-yrða hjúpurinn, sem Ólafur hafði lag á að bregða yfir sig, gerði honum léttara, en réði ekki úrslitum. Þar réði mestu hans næmi mannlegi skilningur og viljinn til þess að leysa hvers manns vandræði.

Greiðvikni Ólafs var frábeir. Stundum var hann sakadur um að vera helzt til ör á löforð og var reynt að nota það til að vekja gegn honum tortrygggni. Munu þó allir hafa sannfærzt um það áður en lauk, að ekki var til raunbetri maður en Ólafur Thors. Hann ætlaði öllum mönnum gott, þangað til hann reyndi þá að öðru. Bjartsýni hans var með fágætum.

Bjartsýni Ólafs var því aðáunarverðari sem ranglát kjör-dæmaskipun torveldaði lengst af mjög framgang hugðarefna hans. Ólikt fylgisminni andstæðingar höfðu löngum meiri eða ámóta mikinn þingstyrk og sjálfstæðisflokkurinn. En bjartsýni Ólafs var sanfara óbilandí þrautsegju við að sekja að því markim sem hann hafði sett sér. Samningalipurð

hans var viðbrugðið, enda tókst honum á stundum að laða til samstarfs bau öfl, sem ólíklegast þótti, að saman mundi ná.

Ólafur var á sinn veg ráðríkur maður, vildi fá það fram, sem ahnn ætlaði sér, og gat orðið þykkjubungur, ef beir brugðust, sem hann setti traust sitt á. Sízt af öllu kerði hann sig um að eiga jábræður í kringum sig, en mat samt ósálfrátt meira þá, sem hónum fylgdu, en hina, er andsnúnir voru. En á engum vildi hann niðast og var allra manna sáttfúsastur, þegar hann taldi heilindum að mæta. Annað mál er, að hann kunni líka að gjalda lausung við lygi.

Ólafur Thors, ævi hans og athafnir, vefða lengi í minnum manna hér á landi. Af honum verða margar sögur sagðar og um það rætt, hverja þýðingu hann hafi haft fyrir hina íslenzku þjóð.

Hér lýkur ~~tilvistnun~~ í frásögn Bjarna B nediktssonar.

Einar fyrstu minningar mínar um Ólaf Thors eru frá Landsfundí Sjálfstæðismanna á Dingvöllum árið 1936. Hæifst ég þá strax af ræðusnilld hans. Röddin var djúp – en mikil –, raddblærinn lifandi og vekjandi. Ræðustífl með afbrigðum hrífandi. Ég var svo heppin tvítugur unglungur að fá að vera samferða þeim Ólafi, Valtý Stefðanssyni, Morgunblaðsritstjóra, og fleiri góðum mönnum, þegar ekið var heim af fundinum á bjartri vornótt. Þá var vissulega vor í lofti, 0 og foringinn lék á alls oddi. Frá löngu og nánu samstarfi síðar á ég margar, þeði hugljúfar og stoltar minningar um persónuleika Ólafs. Mér fannst mann alþýðlegur maður, en líka mikill "aristokrat". Finnst mér vel megi um hann segja, án minnstu mótsagnar, að hann hafi verið alþýðlegur höfðingi.

Gáfur hans, glæsimennska og einstakir hæfileikar sem stjórnmálaforingja eru óumdeildir. Enginn hafði stærra hjárta. Þótt hann hafi verið fremstur í fólkisvo ótrúlega lengi í stormi og striði harðrað pólítískrar sennu voru honum, að ég hygg, gróin öll sár, sem óhjákvæmilega hljóta á stundum að berast á slika bardagamenn, sem ætið burfa að standa í fylkingarbrjósti. Ólafur var ekki langrækinn maður, þótt hann væri engan veginn gleyminn á það, sem honum þótti sér misgert.

Hann var hörkuduglegur og vinnusamur og lagði nött við nýtan dag, þegar mikið lá við, ef t.d. burfti að semja langar og efnismiklar ræður, og var jafnan vandur að því að vera vel undirbúinn.

Hann leif forysthlutverk sitt sjálfur mjög alvarlegum augum og fann, að því fylgdi þungi mikillar ábyrgðar.

Um Ólaf Thors hygg ég sannmæli það, sem skáldið orðar svo í kvæðaflokki um Gunnar á Hlíðarenda, að honum hafi auðnazt, að

"ganga til hvíldar með glófagran skjöld,
glaður og reifur hið síðastka kvöld."

Útvarpserindi 19. janúar 1967.